

Alta
Björg Ágústsdóttir
Grundargötu 30
Grundarfirði



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 15. júlí 2014

Tilvísun: UST20140300146/ksj

Tillaga að svæðisskipulagi Snæfellsness 2014 - 2026 ásamt umhverfisskýrslu.

Vísað er til erindis Alta er barst 14. mars sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að svæðisskipulagi Snæfellsness. Fram kemur í tillögunni að meginhlutverk svæðisskipulags Snæfellsness er að leiða byggðaþróun með því að marka og festa í sessi sameiginlega framtíðarsýn og stefnu sveitarfélaganna um umhverfi, atvinnulíf og þekkingu á svæðinu.

Pjóðgarðurinn Snæfellsjökull

Í atriði U9 á bls. 9 í umhverfisskýrslunni eru sett fram markmið um pjóðgarðinn Snæfellsjökul. Að mati Umhverfisstofnunar þyrftu einnig að koma þau atriði um pjóðgarðinn er fram koma í reglugerð nr. 568/2001 um pjóðgarðinn Snæfellsjökul, s.s. 18. gr. þeirrar reglugerðar þar sem segir að mannvirkjagerð, efnistaka og hvers konar annað jarðrask er óheimilt nema til komi sérstakt leyfi Umhverfisstofnunar.

Skógrækt

Umhverfisstofnun tekur undir markmið um skógrækt er fram koma í umhverfisskýrslu svæðisskipulagsins og telur þau til fyrirmynðar og telur stofnunin eftirsóknarvert að sveitarfélög á Snæfellsnesi að taka markmiðin upp við enduskoðun aðalskipulaga sinna.

Markmið um orkunýtingu

Í 5. kafla umhverfisskýrslu bls. 35 koma fram markmið varðandi orkunýtingu. Meðal annarra markmiða eru eftirfarandi: stuðlað verði að bættri orkunýtni, stuðlað verði að auknum eldsneytissparnaði og að dregið verði úr notkun jarðefnaeldsneytis. Einnig kemur fram í sama kafla á bls. 33, að stefnt sé að aukinni verðmætasköpun í sjávarútvegi. Umhverfisstofnun bendir á að ef átt er við aukna sjósókn, ætti einnig að koma fram hvaða leiðir eigi að fara að þessum markmiðum, í ljósi þess að fiskiskip nýta í dag jarðefnaeldsneyti.

Skilti

Þar sem minnst er á skilti og að vinna skuli með yfirbragð og útlit skilta vill stofnunin minna á atriði í lögum og reglugerðum er varða skilti. Í lögum nr. 44/1999 um náttúruvernd segir m.a. 43. gr. *Auglýsingar utan þéttbýlis*. Óheimilt er að setja upp auglýsingar meðfram vegum

eða annars staðar utan þéttbýlis. Þó er heimilt, að uppfylltum ákvæðum annarra laga, að setja upp látlausar auglýsingar um atvinnurekstur eða þjónustu eða vörur á þeim stað þar sem slík starfsemi eða framleiðsla fer fram. Einnig bendir stofnunin á reglugerð nr. 941/2011 um auglýsingar meðfram vegum og annarsstaðar utan þéttbýlis.

Að mati Umhverfisstofnunar eru þau markmið er fram koma í tillögu að svæðisskipulagi Snæfellsness 2014 - 2026 þannig fram sett, að gaumur er gefinn að umhverfinu og sjálfbær þróun höfð að leiðarljósi. Í tillögunni er ekki verið að horfa til einstakra framkvæmda heldur skapa ramma fyrir sveitarfélögin að vinna estir. Margt í tillögunni er til fyrirmynadar s.s. markmið um skógrækt og einnig markmið um landslag. Umhverfisstofnun væntir þess að sveitarfélögin á svæðinu taki markmið og stefnur svæðisskipulagsins upp í sín aðalskipulög við endurskoðun þeirra. Hér að ofan er bent á nokkur atriði til að minna á þau, en ekki er um aðrar athugasemdir að ræða af hálfu Umhverfisstofnunar.

Beðist er velvirðingar á því hve langan tíma hesur tekið að svara erindinu.

Virðingarfyllst
Kristín S Jónsdóttir
Kristín S Jónsdóttir
Sérfræðingur

Agnar Bragi Bragason
Agnar Bragi Bragason
Lögfræðingur

Skipulagsstofnun